

14. Fulltrúi Flokks fólksins leggur fram svohljóðandi fyrirspurn:

Nýlega var starfsmaður Reykjavíkurborgar dæmdur fyrir brjóta kynferðislega á konu í skammtímvistun á vegum Reykjavíkurborgar. Í dóminum segir að maðurinn hafi misnotað aðstöðu sína. Í framhaldi hófst umræða um hvað reglur gilda almennt um baðaðstæður og hverjir aðstoði þá sem þess þurfa við böðun. Fram kom að reglur hafi verið yfirfarnar. Fulltrúi Flokks fólksins óskar að fá upplýsingar um hvernig þessum reglum sé háttað og hvort það sé í reglum nú að aðeins fólk af sama kyni aðstoði við böðun nema fyrir liggi samþykki um annað?